

**Sp.**

**399. Breytingartillaga**

**[148. mál]**

við till. til þál. um kosningu millipinganevndar til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 7 manna millipinganevnd.

Verkefni nefndarinnar skal vera að rannsaka og gera till. um, hversu auka skuli núverandi atvinnuvegi landsins að mannafla og framleiðslutækjum svo og hverjar nýjar atvinnugreinar skuli skapa til framleiðslu- og atvinnuaukningar og hvernig bezt megi hagnýta auðæfi lands og sjávar í þjónustu þjóðarinnar. Skulu tillögur nefndarinnar bæði fjalla um tæknihlið og rekstrarfyrirkomulag atvinnuveganna, og ber nefndinni einnig að gera áætlanir um þróun atvinnulífsins á næstunni, ef hún álitur það heppilegt.

Nefndinni er heimilt að ráða sérfróða menn til að vinna úr gögnum, sem fyrir hendi eru, eða að vísindalegum rannsóknum, eftir því sem hún telur nauðsynlegt vegna starfa sinna. Nefndin skal hafa aðgang að öllum opinberum stofnunum atvinnuveganna: Fiskifélagi Íslands, Búnaðarfélaginu, Iðnaðarmála- stofnuninni, Hagstofunni og öðrum, og skulu þær láta henni í té þær upplýsingar, er þær geta, og vinna að þeim verkefnum, er hún felur þeim.

Nefndin skal skipuð á þann hátt, að þingflokkarnir fimm tilnefna hver um sig einn mann, en tveir eru kosnir með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi.

Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

2. Í stað orðsins „kosningu“ í fyrirsögn komi: skipun.